

Minnisblað

Til: Bæjarráð
Frá: Hafdís Gunnarsdóttir
Dags. 31. ágúst 2023
Mnr. 2023060084



ÍSAFJARÐARBÆR

Minnisblað - afsláttur MÍ af leigu íþróttahúss

Á 1245. fundi bæjarráðs þann 19. júní 2023 var tekin fyrir beiðni Heiðrúnar Tryggvadóttur, skólameistara Menntaskólans á Ísafirði, þar sem óskað var eftir að Ísafjarðarbær haldi áfram að styrkja afreksbraut skólans. Styrkurinn hefur verið kr.2.500.000 sem skiptist hlutfallslega á milli Ísafjarðarbæjar, Bolungarvíkur og Súðavíkur. Hlutur Ísafjarðarbæjar hefur verið um 1,9 milljónir á ári. Bæjarráð fól bæjarstjóra að vinna málið áfram.

Bæjarstjóri og sviðsstjóri skóla- og tómstundasvið áttu fund með skólameistara MÍ þann 21. júní 2023. Þar kom fram hugmynd um að Ísafjarðarbær myndi lækka mánaðarlega leigu á íþróttahúsinu Torfnesi, sem nemur þeirri upphæð sem sveitarfélagið styrkti afreksbrautina árlega. Þá mánuði sem menntaskólinn er starfræktur borgar hann u.þ.b. 400-500 þúsund til Ísafjarðarbæjar í leigu á mánuði fyrir afnot af íþróttahúsinu Torfnesi. Mánaðarlegur afsláttur frá september til og með apríl væri þá kr.237.000. Fordæmi eru fyrir því að sveitarfélög styðji afreksbrautir menntaskóla með þessum hætti og má þar nefna Árborg sem dæmi.

Óskað er eftir afstöðu bæjarráðs til þess hvort styrkja eigi afreksbraut Menntaskólans á Ísafirði með þessum hætti.